


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	INNIKLÆÐNINGAR INK 102 Kennsluáætlun vorönn 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Kristján Davíðsson	Sk.st	KRD
----------------	--------------------	--------------	-----


Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um létt byggingavirki innanhúss með áherslu á útfærslur og klæðningu veggja, lofta og gólfa. Gerð er grein fyrir uppsetningu einstakra grindar- og klæðningakerfa, efnisnotkun, festingum, einangrun, áhöldum, tækjum og vinnu-aðferðum. Nemendur læra um smíði léttra innveggja úr blikkstoðum, klæðningu þeirra með gipsplötum, uppsetningu niðurbengdra kerfislofta og lagningu mismunandi parkets m.m. Sérstök áhersla er lögð á útfærslur og frágang á léttum byggingavirkjum í votrymi. Áfanginn er bæði ætlaður húsa- og húsgagnasmiðum og kennslan er að mestu bókleg. Ef tækifæri gefst verður farið í heimsókn í fyrirtæki.

Áfangamarkmið:

Nemandi

þekki uppsetningu og klæðningu léttra kerfisveggja innanhúss
kunni skil á mismunandi kerfisveggjum, kostum þeirra og göllum
þekki efni og festingar sem notaðar eru í létt veggvirki innanhúss
geti valið áhöld og tæki til uppsetningar á grind og klæðningu
þekki smíði léttra kerfisveggja innanhúss með hliðsjón af reglum og
leiðbeiningum framleiðenda um styrkleika, eldvarnir, hita- og rakaeinangrun
viti hvernig hægt er að forma gipsplötur á bogna vegg og festa upp
þekki öryggisreglur og öryggisbúnað við smíði léttra veggvirkja innanhúss
kunni skil á algengustu burðarkerfum fyrir niðurbengd loft og uppsetningu
þeirra
þekki uppbyggingu algengra kerfislofta og notkunarvið þeirra
kunni að merkja og setja upp vegglista, festingar og upphengjur
viti deili á uppsetningu burðar- og þverlista og stillingu grindar
kunni að sníða og koma plötum fyrir og búa til loftlúgu
þekki öryggisreglur og öryggisbúnað við uppsetningu kerfislofta
viti hvernig á að leggja parket á stein og tré innanhúss
þekki helstu gerðir af gegnheilu og fljótandi parketi og eiginleika þeirra
þekki efni og áhöld sem notuð eru við lagningu og slípun parkets
hafi þekkingu á lagningu parkets á mismunandi undirstöður og efni
kunni að undirbúa og leggja gegnheilt og fljótandi parket á stein og tré
þekki frágang, slípun og yfirborðsmeðferð á nýju og eldra parketi
þekki öryggisráðstafanir við lagningu, slípun og yfirborðsmeðferð á parketi

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	INNIKLÆÐNINGAR INK 102 Kennsluáætlun vorönn 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennslugögn:

Heftið *Inniklæðningar (IÐNÚ 2005)* og *Gifsplötur uppsetning veggja (IÐNÚ 2013)* og annað það efni sem kennara þykir passa áfanganum.

Starfsaðferðir:

Kennslubókin lesin, lögð er á það áhersla að nemendur glósi hjá sér þann fróðleik annan sem frá kennara kemur og vinni verkefni, bæði í kennslubók og frá kennara. Einnig verða lögð fyrir skyndipróf úr bókunum.

Áfanginn er bóklegur að mestu, þó verður farið í klæðningar úr gifsplötum með áherslu á formbeygingu. En reynt verður að tengja efni hans þeim verkefnum sem í gangi verða á önninni í öðrum fagtengdum áföngum. Einnig verður skoðuð uppsetning kerfislofta og paníklæðninga, ásamt parketlögnum.

Áætlun um yfirferð og verkefni:

Vika	Bók/Bækur		
2 - 6	Inniklæðningar	Tvö verkefni Kæðningar og loft	Próf
6 -13	Inniklæðningar	Tvö verkefni um gifs og verklegt	Próf
14 -18	Parket/upprifjun	Parket/upprifjun	

Námsmat og vægi námsþátta:

Áfanganum lýkur með skriflegu lokaprófi sem gildir 60% af einkunn, en ná verður lokaprófinu svo starfseinkunn gildi.

Starfseinkunn gildir 40% af einkunn.

Tvö skyndipróf 20%

Fjögur tímaverkefni 20%

Með von um gott samstarf á önninni

Kristján Davíðsson

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils